

Forsætisráðuneytið			
Málsnr.	FOR 19080015	Abm.	BA
Db.	11.8	Snir	
Mótt.	19.12.2019	Surf.	
Aths.		LVM	



FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

Arnarhvoli 101 Reykjavík
sími: 545 9200 bréfasími: 545 9299
postur@fjr.is www.fjr.is

Forsætisráðherra
Katrín Jakobsdóttir
Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg
101 Reykjavík

Reykjavík 18. desember 2019
Tilv.: FJR19120044/5.6

Efni: Tilnefning fjármála- og efnahagsráðherra vegna skipunar varaseðlabankastjóra fjármálastöðugleika.

Hinn 3. október 2019 auglýsti forsætisráðherra embætti varaseðlabankastjóra fjármálastöðugleika laust til umsóknar. Tilnefning mín í embættið, skv. lokamálslið 1. mgr. 4. gr. laga nr. 92/2019, um Seðlabanka Íslands, fer hér á eftir ásamt rökstuðningi.

Eins og áskilið er í 7. mgr. 4. gr. laga nr. 92/2019, um Seðlabanka Íslands, skipaði ég þriggja manna nefnd til að fjalla um hæfni þeirra sem sóttu um embættið. Hæfnisnefndin skilaði greinargerð með sínum niðurstöðum 16. desember sl. bæði til mín og forsætisráðherra eins og áskilið er í reglum nr. 977/2019, um störf ráðgefandi nefnda er fjalla um hæfni umsækjenda um embætti seðlabankastjóra og varaseðlabankastjóra. Alls sóttu tíu einstaklingar um stöðuna en einn dró umsókn sína fljótlega til baka og lagði nefndin því mat á hæfni níu umsækjenda. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að fimm umsækjendur, þau Guðrún Johnsen, Gunnar Jakobsson, Jón Þór Sturluson, Tómas Brynjólfsson og Yngvi Örn Kristinsson stæðu öðrum umsækjendum framur og væru öll mjög vel hæf til að gegna embættinu. Einnig að þau Ásdís Kristjánsdóttir og Óttar Guðjónsson væru vel hæf og að þau Arnar Bjarnason og Krístrún Heimisdóttir væru hæf til að gegna embættinu.

Ég hef kynnt mér greinargerð hæfnisnefndarinnar, og önnur gögn í málinu, og tel að nefndin hafi lagt mat á hæfni umsækjenda á hlutlausan og faglegan hátt og með jafnræði að leiðarljósi. Nefndin bauð öllum umsækjendum að koma í viðtal þar sem leitast var við að leiða fram ýmsar upplýsingar sem gagnast gátu við mat á því hvernig einstakar hæfniskröfur væru uppfylltar. Hafa verður í huga að lögbundin hæfnisskilyrði og þau hæfnisviðmið sem tilgreind voru í auglýsingu um embættið eru sum hver matskennd og því nauðsynlegt að nefndin hafi markað sín viðmið við mat á hæfni umsækjenda og flokkun þeirra í þá flokka sem reglur nr. 977/2019 gera ráð fyrir.

Þrátt fyrir að vera sammála aðferðarfræði og niðurstöðum nefndarinnar í meginatriðum ákvað ég að tilefni væri til þess að ég legði sjálfstætt mat á hæfni og þá einkum hæfni þeirra fimm einstaklinga sem metnir voru mjög vel hæfir af nefndinni. Ég ákvað því að bjóða þeim í viðtal til mín, þar sem ég leitaðist við að afla mér upplýsinga um reynslu þeirra og þekkingu og viðhorf þeirra til viðfangsefnanna sem gera má ráð fyrir að reyni á í starfinu. Öll fimm þáðu boð um viðtal og fóru þau fram dagana 17. og 18. desember 2019. Í viðtölunum lagði ég sömu spurningar fyrir þau öll, sbr. fylgiskjal með bréfi þessu.

Að loknum viðtölum og skoðun á gögnum málsins er það niðurstaða mín að Gunnar Jakobsson standi öðrum umsækjendum framur. Viðtæk reynsla hans af stjórnun og störfum á fjármálamarkaði í alþjóðlegu umhverfi vegur þar þungt, sem og yfirgripsmikil þekking hans og reynsla af verkefnum sem tengjast fjármálastöðugleika. Þessir þættir komu mjög skýrt fram í viðtali mínu við Gunnar.

Með vísan til framangreinds hef ég komist að þeirri niðurstöðu að Gunnar Jakobsson sé hæfastur umsækjenda til að hljóta skipun í embætti varaseðlabankastjóra fjármálastöðugleika og tilnefni ég hann hér með.

A handwritten signature in blue ink, reading "Bjarni Benediktsson". The signature is fluid and cursive, with a long tail on the final letter.

Bjarni Benediktsson

Spurningar í viðtölum við umsækjendur 17. og 18. desember 2019:

Hvers vegna sóttir þú um?

Hvaða styrkleika telur þú þig hafa sem gagnast munu í starfinu?

Hvaða áskorunum telur þú að Seðlabankinn standi frammi fyrir:

- a) inn á við ss vegna sameiningar og
- b) út á við varðandi traust og trúverðugleika, einkum á sviði fjármálastöðugleika.

Hefur þú skoðun á tilteknum atriðum í starfsemi bankans sem betur mættu fara?

Hvað telur þú að skipti mestu til að mega verða farsæll varaseðlabankastjóri?